

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

9. okt. 2024, Fundur settur kl. 17

Mættar eru: Hildur Jónsdóttir, Elísabet Tómasdóttir, Sigrún Bára Gautadóttir, Ásta Marý Stefánsdóttir og Diljá Marín Jónsdóttir

Málefni fundar: jólabingó og jólagjafir

Jólabingó verður haldið sunnudaginn 24. nóvember/3. eða 4. desember í sal Heiðarskóla (fer eftir svari frá skólastjóra). Skiptum á milli okkar fyrirtækjum til að senda á varðandi það að fá vinninga.

Hildur heyrir í unglíngadeildinni varðandi það að fá þau til að vera með sjoppu og barnapössun í bingóinu og fá greitt fyrir það í sjóðinn sinn.

Jólagjöf fyrir leikskólann verður andlitsmálning eða segulkubbar. Hildur ætlar að spyrja Siggú Láru hvað væri sniðugt að gefa grunnskólakrökkunum.

Hildur sendir póst til Siggú Láru varðandi að fá salinn í Heiðarskóla lánaðan.

Lítum í kringum okkur varðandi það að finna jólasvein fyrir leikskólann í desember.

Næsti fundur verður á zoom til þess að skipuleggja jólabingóið.

Fundi slitið kl. 17:55

Fundarskrá ritaði Sigrún Bára.